

I. O. G. T.



STÓRSTÚKA ÍSLANDS
BIRÍKSGÖTU 5 — 105 REYKJAVÍK
SÍMI 17594

STÓRSTÚKA ÍSLANDS

(GRAND LODGE OF ICELAND)

Alpingi

Erindi nr. Þ III / 241

komudagur 23/1 1989

REYKJAVÍK, 18. janúar 1989.

ALLSHERJARNEFND
NEÐRI DEILDAR.

Framkvæmdanefnd Stórstúku Íslands þakkar bréf allsherjarnefndar neðri deildar frá 14. desember 1988 og gerir við frumvarpið eftirtaldar athugasemdir.

Í 6. gr. stendur í síðustu málsgrein: "Áður en slík reglugerð er sett, skal leita umsagnar Áfengisvarnaráðs og Sambands veitinga- og gistihúsa."

Stórstúka Íslands telur fráleitt að hagsmunaaðili gefi umsögn um sjálfan sig. Málsgreinin verði: " Áður en slík reglugerð er sett skal leita umsagnar Áfengisvarnaráðs."

Í 9. gr. a stendur: " Nefndirnar skulu vera ólaunaðar."

Hér teljum við um algjöran miðaldahugsunarhátt að ræða.

Í staðinn komi: " Fyrir störf í áfengisvarnanefnd skal greitt úr sveitasjóði, en ríkissjóður leggi fram árlegt framlag til bindindisfræðslu, sem Áfengisvarnaráð annist í samvinnu við landlækni."

Í 9. gr. b stendur: " Heimilt er í samþykkt um stjórn sveitafélags að fela nefnd eða ráði sem fjallar....."

Þessa heimild telur Stórstúkan algera fjarstæðu og leggur til að málsgreinin falli niður.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. framkvæmdanefndar Stórstúku Ísl.

Hilmar Jónsson